

Ferðatrygging veitir vernd fyrir algengum tjónum sem verða á ferðalögum.

Í kaflanum váttryggingasvið er að finna upplýsingar um vernd einstakra kortategunda, váttryggingafjárhæðir og eigin áhættur. Lesa þarf skilmálann með hliðsjón af þeim verndum sem þitt kort innifelur.

### KREDITKORTASKILMÁLI

1. KAFLI SKILGREININGAR bls. 1
2. KAFLI VÁTTRYGGINGARSVIÐ bls. 1
3. KAFLI FERÐASLYSATRYGGING OG SJÚKRAKOSTNAÐUR bls. 4
4. KAFLI FARANGUR OG TAFIR bls. 6
5. KAFLI MANNRÁNSTRYGGING bls. 8
6. KAFLI FORFÖLL bls. 8
7. KAFLI ÁBYRÐARTRYGGING VEGNA TJÓNS ÞRIÐJA AÐILA bls. 9
8. KAFLI ALMENNAR TAKMARKANIR Á BÓTASKYLDU bls. 10
9. KAFLI ALMENN ÁKVÆÐI bls. 11

### BÍLALEIGUTRYGGING

1. KAFLI SKILGREININGAR bls. 15
2. KAFLI KASKÓTRYGGING BÍLALEIGUBÍLS bls. 15
3. KAFLI VIÐBÓTARÁBYRGÐARTRYGGING BÍLALEIGUBÍLS bls. 17
4. KAFLI ALMENNIR SKILMÁLAR bls. 21

## KORTASKILMÁLI

### 1. KAFLI SKILGREININGAR

Í skilmálum þessum eru eftirfarandi hugtök skilgreind þannig:

„**Félagið**“ merkir Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

„**Korthafi**“ merkir þann sem er handhafi korts í gildi útgefna af Kreditkort.

„**Útgefandi**“ merkir Kreditkort.

„**Váttryggður**“ merkir þann sem kröfu á um greiðslu bóta, ef til hennar kemur.

„**Slys**“ merkir skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur líkamsmeiðslum á váttryggðum og gerist án vilja hans.

„**Dvalarland**“ merkir land þar sem váttryggður hefur: a) lögheimili, b) búsetu vegna náms eða starfs eða c) búið samfellt í a.m.k. 180 daga.

„**Ferðakostnaður**“ merkir fargjald og gistikostnað.

„**Dvalarkostnaður**“ merkir gistingu, ferðakostnað, og annan nauðsynlegan kostnað samkvæmt mati félagsins. Fæðiskostnaður telst ekki til dvalarkostnaðar.

„**Náinn ættingi**“ merkir maka, sambýlismaka, foreldri, tengdforeldri, tengdabörn (gift eða í skráðri sambúð), stjúpbörn, afa eða ömmu, barn, barnabarn, systkini eða unnustu/a váttryggðs.

„**Náinn samstarfsmaður**“ merkir þann sem váttryggður er staðgengill fyrir eða meðeiganda í atvinnurekstri.

„**Sambýlismaki**“ merkir að sambúðaraðilar hafi sameiginlegt:

a) skráð lögheimili, b) skattframtal, c) eigi barn saman, eða d) sambúðin hafi sannanlega varað í a.m.k. eitt ár.

„**Flutnings-slys á munum**“ merkir atvik þegar almenningsfarartæki hlekkist á og það veldur tjóni á hinum váttryggðu munum. Ennfremur merkir það tjón á munum í vörslu flutningsaðila.

„**Létt bifhjól**“ merkir bifhjól með þá vélarstærð að ekki er krafist ökuskrteinis til notkunar þess.

„**Kort**“ merkir í skilmálum þessum kreditkort með innifalda ferðatryggingu samkvæmt samningi Sjóvá-Almennra trygginga hf og útgefanda kortsins.

### 2. KAFLI VÁTTRYGGINGARSVIÐ

#### 1. gr. Gildisákvæði

- a) Í töflu í 2 gr. er tilgreint hversu marga samfellda ferðadaga váttryggingin gildir að hámarki á ferðalögum frá heimili váttryggðs.
- b) Váttryggingin nær til korthafa, maka, sambýlismaka og barna á framfæri til loka 22 ára aldurs.
- c) Í viðskipta- og innkaupakortum nær váttryggingin einnig til eins eða tveggja viðskiptavina eða samstarfsmanna í samfylgd korthafa í viðskiptaferðum. Skilyrt er að skýrt komi fram á ferðareikningi hverjir skulu tryggðir á kortinu t.d. með því að þeir séu skráðir á sérstakan ferðareikning.

# FERÐATRYGGING KORTA KREDITKORTS

Skilmáli nr. 360

SJÓVÁ

- Í Platinum- og Premiumkortum nær váttryggingin einnig til barna 23 ára og eldri, tengdabarna (gift eða í skráðri sambúð) og barnabarna í samfylgd korthafa.
- Skilyrði er að minnsta kosti helmingur ferðakostnaðar hafi verið greiddur með kortinu, nema annað sé tilgreint í töflu í 2. gr. Sé um ferðalag á Íslandi að ræða er þó ávallt skilyrði að a.m.k. helmingur ferðakostnaðar hafi verið greiddur með kortinu fyrir brottför frá heimili váttryggðs.
- Váttryggður sem fer til vinnu eða náms er einungis váttryggður á útleið og heimleið, váttryggingin tekur þó til tímabundinna starfa erlendis í nokkrum tilvikum sbr. töflu í 2. gr.
- Váttryggður sem býr utan Íslands er tryggður skv. lið a þegar hann ferðast til annarra landa, en ekki á ferðalögum innan dvalarlandsins.
- Á ferðalögum á Íslandi eru slysatjón í einkabifreiðum undanskilin áhætta í váttryggingu þessari með hliðsjón af 91. og 92. grein umferðarlaga nr. 50/1987.
- Váttryggingin gildir ekki á ferðalögum á landi eða legi utan alfaraleiða.

## 2. gr. Bótasvið korta, váttryggingafjárhæðir og eigin áhættur.

Ferðatryggingar korta eru misviðtækar eftir kortategund. Neðangreind tafla tilgreinir hvaða váttryggingavernd er innifalin í hverri kortategund fyrir sig, hámarkslengd ferðar, hvaða váttryggingafjárhæðir gilda og eigin áhættur.

Kortategund:	Atlas Silfur Fékort	Atlas kort Heimskort	Einkakort	Gullkort Heimskort Gull
Váttryggingin gildir í:	60 ferðadaga	60 ferðadaga	60 ferðadaga	60 ferðadaga
Skilyrði um greiðslu ferðakosnaðar	50%	50%	50%	50%
Tímabundin störf erlendis:	Ekki innifalið	Ekki innifalið	Ekki innifalið	Ekki innifalið
<b>Verndir:</b>	<b>Váttryggingafjárhæðir (hámark í ISK):</b>	<b>Váttryggingafjárhæðir (hámark í ISK):</b>	<b>Váttryggingafjárhæðir (hámark í ISK):</b>	<b>Váttryggingafjárhæðir (hámark í ISK):</b>
Slys á ferðalagi: Dánar- og örorkub.	3.600.000	4.500.000	9.000.000	9.000.000
Sjúkrakostnaður á ferðalagi erlendis	2.000.000**	2.000.000**	8.000.000**	8.000.000**
Ferðarof	Ekki innifalið	120.000	120.000	120.000
Samfylgd í neyð	80.000	80.000	160.000	160.000
Endurgreiðsla ferðar	Ekki innifalið	360.000	360.000	360.000
Sjúkrahúsdagpeningar	Ekki innifalið	Ekki innifalið	Ekki innifalið	Ekki innifalið
Farangurstrygging	Ekki innifalið	160.000**	200.000**	200.000**
Innkaupatrygging	Ekki innifalið	160.000**	200.000**	200.000**
Farangurstöf (pr. klst/hámark)	Ekki innifalið	1.200/12.000***	1.600/16.000***	2.400/24.000***
Ferðatöf (pr. klst/hámark)	Ekki innifalið	Ekki innifalið	Ekki innifalið	Ekki innifalið
Tafir á flugvöll	Ekki innifalið	Ekki innifalið	Ekki innifalið	Ekki innifalið
Tafir vegna yfirbókunar (pr. klst/hámark)	Ekki innifalið	Ekki innifalið	Ekki innifalið	Ekki innifalið
Innkaupakaskó	Ekki innifalið	Ekki innifalið	Ekki innifalið	Ekki innifalið
Mannránstrygging (pr. dag/hámark)	Ekki innifalið	Ekki innifalið	Ekki innifalið	Ekki innifalið
Forfallatrygging	Ekki innifalið	200.000*	200.000*	200.000*
Ábyrgðartrygging	Ekki innifalið	40.000.000**	40.000.000*	40.000.000**
	<b>Eigin áhættur:</b>	<b>Eigin áhættur:</b>	<b>Eigin áhættur:</b>	<b>Eigin áhættur:</b>
	**25.000	*15.000 **25.000	*15.000 **25.000	*15.000 **25.000
		<b>Biðtími: ***8 tímar</b>	<b>Biðtími: ***8 tímar</b>	<b>Biðtími: ***8 tímar</b>
<b>Bílaleigutrygging:</b>				
Kaskótrygging	Ekki innifalið	Ekki innifalið	USD 50.000	Ekki innifalið
Eigin áhætta			USD 200	
Viðbótarábyrgðartrygging	Ekki innifalið	Ekki innifalið	USD 1.000.000	Ekki innifalið

Framhald töflu á næstu síðu

# FERÐATRYGGING KORTA KREDITKORTS

Skilmáli nr. 360

SJÓVÁ

Kortategund:	Platinum kort	Viðskiptakort Gull Corporate kort	Platinum viðskiptakort	Innkaupakort ríkisins Innkaupakort MC
Vátryggingin gildir í:	90 ferðadaga	60 ferðadaga	90 ferðadaga	60 ferðadaga
Skilyrði um greiðslu ferðakosnaðar:	0%	0%	0%	0%
Tímabundin störf erlendis:	Innifalið	Innifalið	Innifalið	Innifalið
<b>Verndir:</b>	<b>Vátryggingafjárhæðir (hámark í ISK):</b>	<b>Vátryggingafjárhæðir (hámark í ISK):</b>	<b>Vátryggingafjárhæðir (hámark í ISK):</b>	<b>Vátryggingafjárhæðir (hámark í ISK):</b>
Slys á ferðalagi: Dánar- og örorkub.	12.000.000	9.000.000	12.000.000	9.000.000
Sjúkrakostnaður á ferðalagi erlendis	8.000.000*	8.000.000**	8.000.000**	8.000.000**
Ferðarof	240.000	120.000	240.000	120.000
Samfylgd í neyð	240.000	160.000	240.000	160.000
Endurgreiðsla ferðar	440.000	360.000	440.000	360.000
Sjúkrahúsdagpeningar	144.000	120.000	144.000	120.000
Farangurstrygging	400.000*	200.000**	280.000*	200.000**
Innkaupatrygging	400.000*	200.000**	280.000*	200.000**
Farangurstöf (pr. klst/hámark)	8.000/40.000***	4.800/24.000***	8.000/40.000***	4.000/24.000***
Ferðatöf (pr. klst/hámark)	2.000 /24.000***	2.000/24.000***	2.000/24.000***	2.000/18.000***
Tafir á flugvöll	Ekki innifalið	Ekki innifalið	Ekki innifalið	Ekki innifalið
Tafir vegna yfirbókunar (pr. klst/hámark)	Ekki innifalið	Ekki innifalið	Ekki innifalið	Ekki innifalið
Innkaupakaskó	Ekki innifalið	Ekki innifalið	Ekki innifalið	Ekki innifalið
Mannránstrygging (pr. dag/hámark)	24.000 /720.000	8.000/240.000	24.000/720.000	8.000/240.000
Forfallatrygging	350.000*	350.000*	350.000*	350.000*
Ábyrgðartrygging	40.000.000*	40.000.000**	40.000.000*	40.000.000**
	<b>Eigin áhættur:</b>	<b>Eigin áhættur:</b>	<b>Eigin áhættur:</b>	<b>Eigin áhættur:</b>
	*15.000	*15.000	*15.000	*15.000
	**25.000	**25.000	**25.000	**25.000
	<b>Biðtími: ***8 tímar</b>	<b>Biðtími: ***8 tímar</b>	<b>Biðtími: ***8 tímar</b>	<b>Biðtími: ***8 tímar</b>
<b>Bílaleigutrygging:</b>				
Kaskótrygging	USD 50.000	USD 50.000	USD 50.000	Ekki innifalið
Eigin áhætta	USD 200	USD 200	USD 200	
Viðbótarábyrgðartrygging	USD 1.000.000	USD 1.000.000	USD 1.000.000	Ekki innifalið

Kortategund:	Classic Icelandair American Express	Premium Icelandair American Express	Business Icelandair American Express
Vátryggingin gildir í:	60 ferðadaga	90 ferðadaga	90 ferðadaga
Skilyrði um greiðslu ferðakosnaðar	50%	0%	0%
Tímabundin störf erlendis:	Ekki innifalið	Innifalið	Innifalið
<b>Verndir:</b>	<b>Vátryggingafjárhæðir (hámark í ISK):</b>	<b>Vátryggingafjárhæðir (hámark í ISK):</b>	<b>Vátryggingafjárhæðir (hámark í ISK):</b>
Slys á ferðalagi: Dánar- og örorkub.	9.000.000	12.000.000	12.000.000
Sjúkrakostnaður á ferðalagi erlendis	8.000.000**	8.000.000*	8.000.000*
Ferðarof	120.000	240.000	240.000
Samfylgd í neyð	160.000	240.000	240.000
Endurgreiðsla ferðar	360.000	440.000	440.000
Sjúkrahúsdagpeningar	Ekki innifalið	144.000	144.000
Farangurstrygging	200.000**	400.000*	400.000*
Innkaupatrygging	200.000**	400.000*	400.000*
Farangurstöf (pr. klst/hámark)	2.400/24.000***	8.000/80.000***	8.000/80.000***
Ferðatöf (pr. klst/hámark)	Ekki innifalið	2.000/24.000***	2.000/24.000***

# FERÐATRYGGING KORTA KREDITKORTS

Skilmáli nr. 360

SJÓVÁ

Tafir á flugvöll	Ekki innifalið	120.000*	120.000
Tafir vegna yfirbókunar (pr. klst/hámark)	Ekki innifalið	2.000/40.000	2.000/40.000
Innkaupakaskó	Ekki innifalið	400.000*	400.000*
Mannránstrygging (pr. dag/hámark)	Ekki innifalið	24.000/720.000	24.000/720.000
Forfallatrygging	200.000*	350.000*	350.000*
Ábyrgðartrygging	40.000.000**	40.000.000*	40.000.000*
	<b>Eigin áhættur:</b>	<b>Eigin áhættur:</b>	<b>Eigin áhættur:</b>
	*15.000	*15.000	*15.000
	**25.000		
	<b>Biðtími: ***8 tímar</b>	<b>Biðtími: ***8 tímar</b>	<b>Biðtími: ***8 tímar</b>
<b>Bílaleigutrygging:</b>			
Kaskótrygging	Ekki innifalið	USD 50.000	USD 50.000
Eigin áhætta		USD 200	USD 200
Viðbótarábyrgðartrygging	Ekki innifalið	USD 1.000.000	USD 1.000.000

Vátryggður öðlast aðeins rétt úr ferðatryggingu sem fylgir einu korti frá sama útgefanda vegna hvers tjóns.

### 3. gr. Gildistími

Korthafi nýtur trygginga skv. skilmálum þessum meðan kort hans er í gildi og samningur er um þá milli félagsins og útgefanda kortsins.

Þó gildir ferðatrygging samkvæmt korti, sem korthafi hefur í gildi á greiðsludegi ferðar ef ferð er farin innan 6 mánaða frá greiðslu ferðar þrátt fyrir að korthafi segi upp kortinu innan þess tíma. Sömu tímamörk gilda þegar korthafi tekur upp nýtt kort sem hefur ekki eins víðtæka vátryggingaskilmála og fyrra kort.

## 3. KAFLI FERÐASLYSATRYGGING OG SJÚKRAKOSTNAÐUR

### 4. gr. Slys á ferðalagi

Verði vátryggður fyrir slysi á ferðalagi á vátryggingartímabilinu greiðast bætur skv. eftirfarandi:

- Dánarbætur. Um rétt til greiðslu dánarbóta fer samkvæmt 100. gr. laga nr. 30/2004. Greiðast þá dánarbætur til maka vátryggðs. Með orðinu maki, skv. lögum nr. 30/2004, er ekki átt við sambúðarmaka. Láti vátryggður ekki eftir sig maka fellur vátryggingarfjárhæðin til erfingja vátryggðs samkvæmt lögum eða erfðaskrá.
- Varanleg örorka, allt að vátryggingarfjárhæð, eftir örorkustigi frá 16% til 100% svo sem hér greinir:
  - algjör, varanlegur missir sjónar á öðru auga eða báðum 100%
  - missir handar við úlnlið eða ofar 100%
  - algjör, varanleg lömun annarrar eða beggja handa 100%
  - missir fótar við ökkla eða ofar 100%
  - algjör, varanleg lömun annars eða beggja fóta 100%
  - algjör, ólæknandi vitskerðing 100%
  - algjör, ólæknandi lömun 100%
  - algjört, ólæknandi heyrnarleysi 50%
  - algjört, ólæknandi heyrnarleysi á öðru eyra 30%
  - missir þumalfingurs hægri handar 20%
- Algjör varanleg lömun útlíms bætist sem missir þess útlíms. Önnur varanleg örorka 16% og hærri er einnig bætt en þær bætur fara eftir mati sem gert er með hliðsjón af töflum Örorkunefndar um miskastig. Ekki er tekið tillit til starfs eða starfshæfni.
- Sé hinn vátryggði örvhentur greiðast bætur vegna tjóns á vinstri hendi eins og um þá hægri væri að ræða.

### Takmarkanir á bótaskyldu

- Dánarbætur vegna einstaklings sem er innan 18 ára aldurs þegar hann slasast takmarkast við 10% af dánarbótum.
- Sé vátryggður 60 ára eða eldri verða vátryggingarfjárhæðir eftirgreindir hundradshlutar af hámarksfjárhæðum dánar- og örorkubóta.

60-61 árs 90%	68-69 ára 50%
62-63 ára 80%	70-71 árs 40%

64-65 ára 70%	72-73 ára 30%
66-67 ára 60%	74 ára og eldri 20%

- c) Dánarbætur eða örorkubæturgreiðast því aðeins að slysið leiði til andláts eða varanlegrar örorku innan 24 mánaða frá slysdegi.
- d) Hámarksupphæð bóta fyrir eitt slys eða fleiri sem váttryggður verður fyrir í einni og sömu ferð verður aldrei hærrí en váttryggingafjárhæð.

### 5. gr. Sjúkrakostnaður á ferðalagi erlendis

Félagið greiðir bætur allt að váttryggingafjárhæð vegna slyss eða sjúkdóms hvers einstaklings, sem váttryggingin nær til. Váttryggður ber þó alltaf eigin áhættu í hverju tjóni.

#### Félagið bætir eftirfarandi:

Læknis- og sérfræðikostnað, sjúkrahúsvist, hjúkrun, lyfjakostnað og meðferð samkvæmt læknisvottorði viðkomandi sjúkrastofnunar, vegna þess að váttryggður veikist eða slasast í ferðinni. Sjúkraflutning í því landi sem slys eða veikindi verða og nauðsynlegan aukadvalarkostnað og heimferðarkostnað í samráði við SOS INTERNATIONAL. Kostnað við nauðsynlega tannlæknaþjónustu vegna sannanlegs slyss eða til þess að lina þjáningar. Flutning jarðneskra leifa váttryggðs til Íslands eða dvalarlands. Tilkynna skal SOS INTERNATIONAL svo fljótt sem verða má um alvarleg slys eða veikindi váttryggðs á ferðalagi erlendis.

### 6. gr. Ferðarof

Félagið greiðir nauðsynleg viðbótarútgjöld allt að váttryggingafjárhæð vegna heimferðar til Íslands ef váttryggður neyðist til að stytta dvöl sína utanlands vegna:

- a. Andláts, alvarlegs slyss eða skyndilegra alvarlegra veikinda náins ættingja váttryggðs, sem búsettur er á Íslandi.
- b. Verulegs eignatjóns á heimili váttryggðs eða í einkafyrirtæki hans, sem gerir nærveru hans nauðsynlega. Félagið greiðir hvorki ónýttan hluta ferðakostnaðar né nýja utanferð í stað þeirrar er rofin var.

### 7. gr. Samfylgd í neyð

Félagið greiðir:

- a. Nauðsynlegan ferða- og dvalarkostnað allt að váttryggingafjárhæð vegna ættingja eða vinar váttryggðs, sem dvelst hjá eða fylgir váttryggðum heim samkvæmt læknisráði og í samráði við SOS INTERNATIONAL eða félagið, vegna alvarlegs slyss eða sjúkleika váttryggðs.
- b. Nauðsynlegan ferða- og dvalarkostnað allt að váttryggingafjárhæð í samráði við félagið vegna náins ættingja eða vinar váttryggðs frá Íslandi eða dvalarlandi og heim aftur vegna alvarlegs slyss eða sjúkleika váttryggðs.

### 8. gr. Endurgreiðsla ferðar

Félagið endurgreiðir hlutfallslega allt að váttryggingafjárhæð óafturkræfan ferðakostnað váttryggðs, fyrir þann hluta ferðar sem váttryggður getur ekki notað, vegna þess að hann þarf samkvæmt skriflegu læknisráði og með samþykki félagsins og SOS INTERNATIONAL að rjúfa ferð og fara heim eða að hann þarf að liggja á sjúkrahúsi vegna þess að hann hefur orðið alvarlega veikur eða orðið fyrir alvarlegu slysi. Váttryggingin tekur ekki til ferðar sem varir 5 daga eða skemur. Bætur greiðast einungis fyrir þann sjúka og þá váttryggðu sem þurfa nauðsynlega að rjúfa ferð og fylgja honum heim.

### 9. gr. Sjúkrahúsdagpeningar

Félagið greiðir dagpeninga í allt að 30 daga skv. váttryggingafjárhæð, ef váttryggður liggur á sjúkrahúsi erlendis vegna slyss eða sjúkdóms á ferðalaginu. Ekki er greitt fyrir fyrstu tvo dagana sem sjúkrahúsvistin varir.

### 10. gr. Takmarkanir á bótaskyldu vegna gr. 5 til 9

Félagið bætir ekki:

- a. Kostnað, sem greiddur er skv. gagnkvæmum samningi um sjúkratryggingar.
- b. Kostnað við meðferð eða eftirmeðferð á Íslandi eða í dvalarlandi.
- c. Kröfur vegna hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma, sem hinn váttryggði hefur þjáðst af og hefur notið læknishjálpar eða meðferðar við, á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Með meðferð er meðal annars átt við hverskonar meðhöndlun sem ætlað er að bæta eða viðhalda líkamlegu eða andlegu heilsufari, svo sem lækniskomur, lyfjanotkun, endurhæfing, ráðgjöf, viðtöl, sérfaði, óhefðbundin lækningameðferð.

- d. Tjón sem rekja má til þess að váttryggður:
  - mátti vænta þess að fæða barn áður en heim kæmi eða innan tveggja mánaða frá heimkomudegi eða
  - ferðast í trássi við ráðgjöf starfandi læknis, eða í þeim tilgangi að leita lækni meðferðar erlendis.
- e. Kostnað vegna hvers kyns veikinda eða sjúkdóma sem náinn ættingi eða náinn samstarfsmaður þjáðist af, þegar staðfestingargjald var greitt.
- f. Sjúkrareikninga sem berast eftir að tólf mánuðir eru liðnir frá váttryggingaratburði.

#### 4. KAFLI FARANGUR OG TAFIR

##### 11. gr. Farangurs- og innkaupatrygging

Váttryggt er gegn tjóni sem verður á einkamunum af völdum bruna, þjófnaðar, innbrots, ráns, skemmdarverka eða flutningsslyss. Skilyrt er að hinn váttryggði hafi gætt fyllsta öryggis við vörslu hins váttryggða.

- a. Váttryggingarfjárhæð er fyrir hvern fullorðinn og allt að þriðjungur hennar fyrir börn til loka 18 ára aldurs vegna tjóns á farangri, sem váttryggður hefur með sér á ferðalagi.
- b. Váttryggingarfjárhæð er fyrir hvern fullorðinn og allt að þriðjungur hennar fyrir börn til loka 18 ára aldurs vegna tjóns á einkamunum, sem váttryggður kaupir á ferðalagi erlendis og greiðir að fullu með kortinu. Váttryggður ber þó alltaf eigin áhættu, í hverju tjóni.

##### 12. gr. Takmarkanir á bótaskyldu

Félagið bætir ekki:

- a. Hæri upphæð en 50% afváttryggingarfjárhæð skv. 2. gr. fyrir hvern hlut, þar eða samstæðu.
- b. Skemmdir er hljótast af mölflugum, meindýrum, ástandi andrúmslofts, veðráttu, eðlilegu sliti eða skemmdir, sem ekki rýra notagildi hins váttryggða hlutar.
- c. Skemmdir á farangri vegna vökva, matvæla og annarra smitandi efna, sem höfð eru í farangri, nema almenningsfarartæki hlekkist á.
- d. Tjón vegna skemmda á íþróttatækjum í notkun.
- e. Tjón er leiðir af eignaupptöku eða haldi á munum af hálfu tollgæslu eða annarra valdhafa.
- f. Tjón á frímerkjum, handritum, skjölum, peningum eða hvers kyns verðbréfum.
- g. Tjón vegna skemmda á töskum í vörslu flugfélags eða annars flutningsaðila.
- h. Tjón á gleraugum vegna þjófnaðar, ráns eða innbrots.
- i. Tjón á hlutum sem stolið er eða sem hverfa úr læstum hýbýlum, geymslum, bifreiðum eða bátum, án þess að um sannanlegt innbrot hafi verið að ræða.
- j. Tjón á viðlegubúnaði í notkun vegna skemmda eða þjófnaðar, svo og tjón á farangri í tjöldum.
- k. Tjón er verður vegna þjófnaðar eða innbrots sem váttryggður hefur, af ásettu ráði eða stórkostlegu gáleysi, ekki tilkynnt lögreglu innan sólarhrings frá því að það varð eða skýrt var frá því.
- l. Tjón vegna bruna, nema kviknað hafi í farartæki eða húsnæði.

##### 13. gr. Varúðarreglur

Varúðarreglur eru fyrirmæli til váttryggðs um tiltekna ráðstafanir til að fyrirbyggja eða takmarka tjón eða fyrirmæli við notkun, geymslu eða viðhald hlutar. Brot á varúðarreglum getur valdið missi bótaréttar að hluta eða í heild.

- a. Váttryggður skal nota tryggar umbúðir um farangur sinn og telst váttryggður hafa brotið gegn varúðarreglu ef tjón verður vegna ónógra eða lélegra umbúða.
- b. Váttryggður skal umgangast farangur sinn með tryggilegum hætti. Ef tjón verður á hlutum sem einhver hinna váttryggðu týnir, missir, gleymir, misleggur eða skilur eftir á almannafæri eða í ólæstum hýbýlum, geymslum, bifreiðum og bátum, telst hann hafa brotið varúðarreglu.
- c. Váttryggður skal geyma reiðhjól sín innandyra. Ef reiðhjól eru geymd utandyra telst váttryggður hafa brotið varúðarreglu.

##### Ráðstafanir vegna tjóns

Skilyrði fyrir bótum er að váttryggður geri þær ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar, til að sanna að tjónsatburðurinn hafi átt sér stað. Tilkynna skal viðkomandi yfirvöldum um þjófnað, rán eða innbrot og fá skýrslu þar um. Tjón skal auk þess ávallt tilkynna fararstjóra, hóteli og bílaleigu.

Tjón í flutningi skal tilkynna flutningsaðila þegar í stað og fá skýrslu þar um.

### 14. gr. Töf á farangri

Fái váttryggður farangur sinn ekki afhentan þegar á ákvörðunarstað er komið, vegna tafar eða rangrar afgreiðslu, greiðast bætur til kaupa á nauðsynjum. Bætur greiðast fyrir hverja klukkustund umfram 8 klst. Bætur greiðast eingöngu vegna barna yngri en 16 ára ef þau ferðast án samfylgdar forráðamanna. Bætur takmarkast við þrjá váttryggða vegna hvers tjónsatburðar, þó þannig að heildarfjárhæð bóta vegna allra váttryggðra verður aldrei hærrí en sem nemur váttryggingafjárhæð. Tjónþola ber að framvísa til félagsins skriflegri staðfestingu frá flutningsaðila þar sem tímalengd tafar kemur skýrt fram. Bætur greiðast ekki vegna tafa á farangri þegar váttryggður er á heimleið. Bætur eru ekki greiddar ef töfin stafar af því að váttryggður hafi ákvarðað ferðatíma í tengiflugi þrengri en lágmörk viðkomandi flugfélags/flugvallar kveða á um og athugasemd er gerð um í farbókun.

Bætur skv. þessu ákvæði eru greiddar án þess að leggja þurfi fram reikninga fyrir útlögðum kostnaði.

### 15. gr. Ferðatöf

Fari svo að verkfallsaðgerðir, óhagstæð veðurskilyrði eða vélarbilun valdi töfum á ferðum almenningsfarartækis og það leiði til seinkunar á komutíma váttryggðs til ákvörðunarstaðar greiðast bætur. Fyrir hverja klukkustund umfram 8 klst. töf., fyrir hvern váttryggðan, 16 ára og eldri.

Bætur takmarkast við þrjá váttryggða vegna hvers tjónsatburðar. Töf reiknast frá komutíma farartækis sem greinir í ferðaáætlun þeirri sem váttryggðum var látin í té. Tjónþola ber að framvísa til félagsins skriflegri staðfestingu frá flutningsaðila þar sem orsök og tímalengd tafar koma skýrt fram. Bætur eru ekki greiddar ef töf stafar af því að váttryggður hafi ákvarðað ferðatíma í tengiflugi þrengri en lágmörk viðkomandi flugfélags/flugvallar kveða á um og athugasemd er gerð um í farbókun.

Bætur skv. þessu ákvæði eru greiddar án þess að leggja þurfi fram reikninga fyrir útlögðum kostnaði.

### 16. gr. Tafir á leið að flugvelli.

Fari svo að váttryggður missi af millilandaflugi vegna tafa á ferð á leið á flugvöll greiðast bætur að hámarki váttryggingafjárhæðar fyrir hvern váttryggðan ef eitthvert eftirtalinnu atvika hefur leitt til tafarinnar:

d. almenningssamgöngur falla niður eða seinkun almenningsfarartækis verður svo mikil að váttryggður missir af flugi.

e. ökutæki það sem váttryggður ferðast með verður óökufært vegna bilunar eða umferðaróhapps.

Félagið greiðir kostnað vegna:

f. annarra samgönguleiða að flugvelli sem váttryggður getur nýtt sér.

g. kostnað við að draga ökutæki á næsta viðgerðarverkstæði.

h. kostnað við gistingu sem váttryggður þarf að kaupa fram að brottför með öðru flugi.

i. ferðakostnað sem váttryggður verður fyrir til að komast til áfangastaðar með öðru flugi.

Bætur greiðast aðeins samkvæmt framlögðum reikningum vegna kostnaðar sem fellur undir 15. gr. Bætur takmarkast við þrjá váttryggða vegna hvers tjónsatburðar.

Váttryggður ber þó alltaf eigin áhættu í hverju tjóni.

### 17. gr. Takmörkun á bótaskyldu vegna tafa á leið á flugvöll, 16. gr.

Félagið bætir ekki:

j. Tafir sem stafa af verkfallsaðgerðum sem hafnar voru eða höfðu verið tilkynntar áður en váttryggður greiddi fargjaldið.

k. Tafir sem stafa af fyrirmælum yfirvalda um stöðvun eða breytingu á opinberum samgöngum.

l. Kostnað sem er meiri en nauðsynlegur getur talist með hliðsjón af almenningsamgöngum sem þjóðast.

m. Tjón sem hlýst af því að váttryggður hefur ekki gefið sér nægan tíma til að komast á flugvöll og þess vegna misst af flugi.

Ekki er bætt tjón samkvæmt þessari grein ef váttryggður kýs að nýta bótarétt vegna ferðatafar sbr. 15. gr. hér að framan.

### 18. gr. Tafir vegna yfirbókunar

Ef váttryggður reynir að innrita sig í flug sem hann á pantað en er hafnað um sæti vegna yfirbókunar, greiðir félagið bætur, váttryggingafjárhæð fyrir hverja klst. sem líður frá upphaflega áætluðum tíma flugs, og þar til váttryggður fær sæti í öðru flugi, allt að 20 klst. eða hámarksváttryggingafjárhæð.

### 19. gr. Innkaupakaskó

Félagið bætir tjón á einkamunum sem greitt hefur verið fyrir með korti. Með einkamunum er átt við persónulega lausafjarmuni sem ætlaðir eru til einkanota. Bætt eru tjón sem eiga rætur að rekja til skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks.

Vátryggingin gildir hvar sem er í heiminum. Vátryggingin gildir í 30 daga frá kaupum á einkamun.

Vátryggingarfjárhæð er fyrir hvern fullorðinn og allt að þriðjungur vátryggingarfjárhæðar fyrir börn til loka 18 ára aldurs vegna tjóns á einkamunum sem verður innan 1 árs tímabils.

Vátryggður ber þó alltaf eigin áhættu í hverju tjóni.

### 20. gr. Takmörkun á bótaskyldu vegna innkaupakaskó, 19. gr.

Hlutlægar bótatakmarkanir, félagið bætir ekki:

- n. Tjón sem stafar af eðlilegu sliti, galla, rangri samsetningu eða innri bilunum, svo sem vélrænum bilunum.
- o. Tjón af snöggum hita- og/eða rakabreytingum.
- p. Hærrí upphæð en 50% afvátryggingarfjárhæðar fyrir einstakan hlut, þar eða samstæðu.
- q. Samtímis bætur úr innkaupakaskó og farangurstryggingu eða innkaupatryggingu vegna eins og sama tjóns.
- r. Tjón á fasteignum, innréttingum, bifreiðum, bátum, gæludýrum, plöntum eða matarvöru.
- s. Tjón á peningum, verðbréfum, handritum, frumteikningum, mynt- og frímerkjasöfnum.
- t. Tjón á munum sem ætlaðir eru til nota í atvinnustarfsemi, til endursölu, eða eingöngu til skeytingar eða blöndunar við aðra muni.

Varúðarreglur:

Varúðarreglur eru fyrirmæli til vátryggðs um tiltekna ráðstafanir til að fyrirbyggja eða takmarka eða fyrirmæli við notkun, geymslu eða viðhald hlutar.

- u. Vátryggðum ber að halda persónulegum lausafjarmunum sínum vel við. Félagið bætir ekki tjón sem verður vegna ónógs viðhalds.
- v. Vátryggðum ber að læsa híbýlum sínum, bílum bátum eða tjöldum og má ekki skilja hluti eftir á almannafæri. Félagið bætir ekki slík tjón.

## 5. KAFLI MANNRÁNSTRYGGING

Félagið greiðir dagpeninga í allt að 30 daga verði vátryggðum rænt á ferðalagi erlendis og haldið í gíslingu.

## 6. KAFLI FORFÖLL

### 21. gr. Forföll – bótasvið

Félagið bætir ferðakostnað sem greiddur er fyrir fram eða samið er um fyrirframgreiðslu á og ekki fæst endurgreiddur allt að vátryggingarfjárhæð vegna ferðar sem hinn vátryggði kemst ekki í ef ástæðan er ein af eftirfarandi:

- a. Andlát, líkamsmeiðsl, veikindi, barnsburður eða sóttkví hins vátryggða enda vottað af starfandi lækni.
- b. Að náinn ættingi eða náinn samstarfsmaður:
  - Andist.
  - Hjóti alvarleg líkamsmeiðsl, eða veikist alvarlega, enda vottað af starfandi lækni.
- c. Vitnaskylda fyrir dómi eða forföll vegna starfa sem vátryggður getur ekki vikið sér undan að vinna skv. lögum um skyldusóttkví eða ef komið er í veg fyrir ferð vegna opinberra hafta er leiða af farsótt.
- d. Verulegt eignatjón á heimili vátryggðs eða í einkafyrirtæki hans, sem gerir nærveru hans nauðsynlega.
- e. Röskun er leiðir til a.m.k. 12 klst. tafar á brottför almenningsfarartækis hins vátryggða á útleið skv. ferðaáætlun er honum hefur verið látin í té.
- f. Rán flutningsfars.
- g. Ófyrirséð tilfærsla á starfsvettvangi.
- h. Greiði korthafi sérstakt forfallagjald hjá ferðasala, eða sé það innheimt af honum við kaup ferðar, gildir forfallatrygging viðkomandi ferðasala í stað þessarar.
- i. Framvísa ber læknisvottorði á þar til gerðu eyðublaði félagsins.



Framangreind tilvik skulu vera þess eðlis, að óhjákvæmilegt sé að afturkalla áður gerða pöntun.

Sérhver váttryggður ber þó alltaf eigin áhættu í hverju tjóni.

Bætur skv. þessari grein eru greiddar vegna forfalla sem verða fram að brottför frá heimili váttryggðs.

### 22. gr. Undanþágu frá bótaskyldu

Félagið bætir ekki:

- a. Kröfur vegna hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma, sem hinn váttryggði hefur þjáðst af og hefur notið læknishjálpar eða meðferðar við, á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Með meðferð er meðal annars átt við hverskonar meðhöndlun sem ætlað er að bæta eða viðhalda líkamlegu eða andlegu heilsufari, svo sem læknskómur, lyfjanotkun, endurhæfing, ráðgjöf, viðtöl, sérfæði, óhefðbundin lækningameðferð. Jafnframt eru undanþegin tjón sem stafa af því að váttryggður gengst undir meðferð sem hann var á biðlista vegna þegar staðfestingargjald var greitt.
- b. Tjón sem stafa beint eða óbeint af eftirfarandi:
  - Tilskipunum stjórnvalda (nema þeim er varða skyldusóttkví).
  - Yfirsjónum eða vanrækslu aðila er annast flutning eða gistingu eða yfirsjón umboðsmanns sem annaðist fyrirkomulag ferðarinnar.
  - Tregðu váttryggðs til að ferðast eða af bágum fjárhag hans.
  - Útgjöldum sem ferðaskrifstofu, gistihúsi eða flugfélagi ber að greiða.
  - Breyting á fyrirhuguðum orlofstíma.
    - Aukagjöldum sem ferðaskrifstofa leggur á og hækka grundvöll verðskrár.
- c. Tjón sem stafa af því að vanrækt er að tilkynna ferðaskrifstofu eða þeim aðila sem útvegar flutningsfar eða gistingu að nauðsynlegt hafi reynst að fella ferð niður.
- d. Tjón sem hlýst af því að váttryggður hefur ekki skráð sig til brottferðar samkvæmt ferðaáætlun sem honum hefur verið látn í té og breyting á áætlunartíma hefur ekki verið staðfest af flugfélagi eða ferðaskrifstofu.
- e. Tjón sem stafa af því að flugvél eða skip er tekið úr þjónustu til bráðabirgða eða á annan hátt samkvæmt tillögu opinbers aðila.
- f. Tjón sem stafa af verkfallsaðgerðum sem vitað var, þegar staðfestingargjald var greitt, að hefjast myndu fyrir brottför.
- g. Tjón sem stafa af fjárhagserfiðleikum eða gjaldþroti ferðaskrifstofa og annarra slíkra aðila sem annast farþegaflutninga.

## 7. KAFLI ÁBYRÐARTRYGGING VEGNA TJÓNS ÞRIÐJA AÐILA

### 23. gr. Ábyrgðartrygging

Félagið greiðir bætur allt að váttryggingafjárhæð vegna:

- a. Líkamstjóns einstaklings er leiðir af skaðabótaskyldu atferli váttryggðs.
- b. Tjóns eða skemmda á munum er leiða af skaðabótaskyldu atferli váttryggðs, athöfn eða athafnaleysi.
- c. Kostnaðar og útgjalda þriðja aðila sem innheimta má hjá váttryggðum annað hvort samkvæmt íslenskum lögum eða lögum þess lands þar sem slysið, tjónið eða skemmdirnar urðu.
- d. Málsvarnarlauna og annars kostnaðar og útgjalda váttryggðs vegna tjóns sem félagið hefur samþykkt að bæta.

Váttryggður ber þó alltaf eigin áhættu í hverju tjóni.

### 24. gr. Undanþágu frá bótaskyldu

Félagið bætir ekki tjón sem leiðir af eða tengist:

- a. Notkun, umráðum eða eignarhaldi vélknúinna ökutækja svo og annarra vélknúinna tækja til notkunar á legi eða lofti.
- b. Ábyrgð vinnuveitanda, ábyrgð samkvæmt samningum eða ábyrgð gagnvart nánnum ættingja váttryggðs.
- c. Ábyrgð á dýrum sem tilheyra váttryggðum, eru í vörslu hans eða umsjá.
- d. Hvers kyns skemmdarverkum, sem unnin eru af ásetningi eða illfýsi.
- e. Ábyrgð sem skapast vegna verslunar, viðskipta eða starfs.
- f. Ábyrgð vegna eignarhalds á landi og byggingum.
- g. Notkun skotvopna, fallhlífartökki, svifflugi, svifdrekaflugi, loftbelgsflugi, skipulögðum íþróttum og atvinnu, sem talist getur lífshættuleg.
- h. Hlutum í eigu þriðja aðila sem skemmast eða tynast á meðan þeir eru í vörslu váttryggðs.

**8. KAFLI ALMENNAR TAKMARKANIR Á BÓTASKYLDU**

Þessi kaflí á við um allar váttryggingaverndir í skilmálum eftir því sem við á.

**25. gr. Almennar undanþágur**

Váttrygging þessi bætir ekki:

- Tjón sem beint eða óbeint leiðir af bifreiða- og vélaíþróttum eða notkun vélhjóra, hvort sem váttryggður er ökumaður eða farþegi. Takmörkunin varðandi vélhjól á þó ekki við ef um er að ræða notkun léttis bifhjóls, sem tekið er á leigu í ferðalagi er fellur undir váttryggingu þessa.
- Tjón vegna slyss sem verður í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers kyns íþróttum nema um sé að ræða börn yngri en 16 ára.
- Tjón sem beint eða óbeint leiðir af flugi, öðru en farþegaflugi gegn gjaldi, hjá skráðu flugfélagi með tilskilin leyfi.
- Tjón sem beint eða óbeint leiðir af sjálfsvígi, geðveiki, meiðslum sem menn valda sjálfum sér, handalögmálum, þátttöku í refsiverðum verknaði, misnotkun lyfja, neyslu fíkniefna, áfengis eða kynsjúkdómum.
- Tjón sem beint eða óbeint leiðir af hvers konar fjallaklifri, þjarsigi, fallhlífarstökki, loftbelgjaflugi, teygju-stökki, svifdrekaflugi, svifflogi, kajakferðum, siglingum á bátum sem róið er niður straumharðar ár og fljót, froskköfun eða öðrum athöfnum neðansjárvar eða neðanjarðar, kappreiðum og/eða athöfnum sem eru sambærilegar og eðlisskyldar öllu framantöldu.

**26. gr. Stríð, verkföll, kjarnorka, hryðjuverk, náttúruhamfarir, o.fl.**

Félagið bætir ekki tjón eða kostnað sem beint eða óbeint orsakast af styrjöld, innrás, aðgerðum erlendra óvina, ófiriðarátökum (hvort sem styrjöld hefur verið lýst yfir eða ekki) borgarastyrjöld, vopnaðri andspyrnu, byltingu, uppreisn, uppreisn gegn yfirvaldi, uppboti, verkfalli, herstjórn eða valdránsstjórn, herlögum eða herkví eða atvik eða orsakir sem ráða úrslitum um að lýst sé yfir gildistöku herlaga eða umsátursástandi.

Félagið bætir ekki tjón eða kostnað sem að einhverju eða öllu leyti stafar beint eða óbeint af eða á upptök sín í eða frá:

- Jónandi geislun eða mengun af völdum hvers konar kjarnorkueldsneytis eða hvers konar kjarnorkuúrgangs eða brennslu kjarnorkueldsneytis.
- Geislun, eitrun, sprengingum eða öðrum hættulegum eða mengandi eiginleikum frá kjarnorkustöðvum, kjarnaofnum eða öðrum kjarnorkubúnaði eða hluta þeirra.
- Hvers konar vopnum þar sem beitt er frumeinda- eða kjarnaklofningu og/eða samruna frumeinda eða kjarna eða öðrum svipuðum kjarnahvörfum, geislaafli eða geislandi efni.

Félagið bætir ekki tjón, kostnað eða útgjöld sem beinlínis eða óbeinlínis stafa af lífefnamengun eða efnamengun vegna hvers konar hryðjuverka, án tillits til hugsanlegra samverkandi orsaka.

**Hryðjuverk merkir hér verknað**, þar með talið en ekki takmarkað við, valdbeitingu eða ofbeldi og/eða hótun um slíkt, af hálfu einstaklings eða hóps einstaklinga, hvort sem hann eða þeir starfa einir sér eða af hálfu eða í tengslum við ein eða fleiri samtök eða stjórnvöld, ein eða fleiri, og sem framinn er í stjórnmalalegum eða trúarlegum tilgangi, í hugsjónatilgangi eða í þjóðernislegum tilgangi eða af slíkum ástæðum, þar með talið í því markmiði að hafa áhrif á stjórnvöld og/eða að vekja ótta hjá almenningi eða hjá hluta almennings.

**Mengun merkir hér, spillingu**, eitrun eða hindrandi og/eða takmarkandi áhrif á notkun hluta og efna vegna áhrifa frá efnasamböndum og/eða lífefnum.

Félagið bætir ekki tjón sökum eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða, vatnsflóða og annarra náttúruhamfara. Tjón vegna náttúruhamfara eru bætt af Viðlagatryggingu Íslands.

**27. gr. Takmarkanir á bótaskyldu vegna upplýsingatækni**

Eignatjón sem váttryggt er gegn samkvæmt váttryggingu þessari eru efnisleg tjón á eignum sem eignaréttur fylgir. Efnisleg tjón á eignum sem eignaréttur fylgir taka ekki til tjóna á upplýsingagögnum eða hugbúnaði, einkum skaðlegra breytinga á upplýsingagögnum, hugbúnaði eða tölvuforritum sem orsakast af eyðingu, afbökun eða af því að upphafleg gerð þeirra hefur afmyndast.

Þar af leiðandi eru undanskilin í váttryggingu þessari:

- Tjón á upplýsingagögnum eða hugbúnaði, einkum skaðlegar breytingar á upplýsingagögnum, hugbúnaði eða tölvuforritum, sem orsakast af því að þeim er eytt, þau afbökuð eða upphafleg gerð þeirra er afmynduð svo og allt rekstrartap vegna stöðvunar eða röskunar á rekstri sem orsakast af slíku tjóni.

- b. Tjón, sem orsakast af því að dregið hefur úr virkni eða notagildi, notkunarviði, eða aðgangi að upplýsingagögnum, hugbúnaði eða tölvuforritum svo og allt rekstrartap vegna stöðvunar eða röskunar á rekstri sem orsakast af slíku tjóni.

### 28. gr. Réttur til takmörkunar á bótafjárhæð

Ef í einum og sama váttryggingaratburði verður slys á mörgum einstaklingum sem váttryggðir eru með ferðatryggingum korthafa útgefanda, takmarkast heildarbætur félagsins við 10 milljónir USD eða samsvarandi fjárhæð í íslenskum krónum. Komi til skerðingar bóta vegna þess ákvæðis, verður hún hlutfallsleg miðað við bótafjárhæðir sem sérhver bótaþegi hefði ella átt rétt til.

## 9. KAFLI ALMENN ÁKVÆÐI

### 29. gr. Váttryggður veldur váttryggingaratburði

#### Ásetningur

Hafi váttryggður af ásetningi valdið því að váttryggingaratburður varð ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 27. gr. eða 89. gr. laga nr. 30/2004.

#### Stórkostlegt gáleysi

Hafi váttryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 2. mgr. 27. gr. eða 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004.

### 30. gr. Tilkynning um tjón

Þegar tjón er orðið skal váttryggður tafarlaust skýra félaginu frá því. Tilkynna skal SOS INTERNATIONAL svo fljótt sem verða má um alvarleg slys eða veikindi váttryggðs á ferðalagi erlendis. Sama gildir er hann fær vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa sem ætla má að váttryggingin ná til verði gerð á hendur honum. Innbrot, þjófnað og rán skal jafnframt tilkynna til lögreglu þegar í stað með ósk um rannsókn. Verði þjófnaður erlendis, skal skýrsla lögreglu á staðnum fylgja tjónstilkynningu til félagsins. Þegar um þjófnað er að ræða verður váttryggður að sanna að hann hafi átt sér stað. Þegar um er að ræða þjófnað á reiðhjóli getur félagið krafist þess að framvísað sé reikningi eða ábyrgðarskírteini þar sem fram kemur stölnúmer og verðmæti hjólsins. Sé það ekki gert getur það valdið skerðingu eða missi bóta. Váttryggður skal gefa félaginu kost á að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað.

### 31. gr. Frestur til að tilkynna um tjón - Fyrning

#### Váttryggður glatar rétti til bóta ef:

1. Hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á.
2. Hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 51. gr. eða 124. gr. laga nr. 30/2004.

Krafa váttryggðs um bætur getur fyrnst samkvæmt reglum 52. gr. eða 125. gr. laga nr. 30/2004.

### 32. gr. Ráðstafanir til varnar tjóni

Þegar váttryggingaratburðurinn hefur orðið eða bein hættu er á því, að hann muni bera að höndum, skal váttryggður reyna að afstýra tjóninu eða draga úr því. Vanræksla í þessu efni getur haft í för með sér lækun eða missi bóta, sbr. lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

### 33. gr. Ákvörðun bótaskyldu

Engum er heimilt án skriflegs samþykkis félagsins að viðurkenna ábyrgð, gefa yfirlýsingar eða aðrar skuldbindingar fyrir þess hönd. Komi til málsóknar vegna kröfu er varðar bótaskyld tjón, eða endurkröfu á þriðja aðila, annast félagið allan rekstur málsins og ræður lögmann að eigin vali.

### 34. gr. Tjónagreiðslur

Tjónabætur greiðast í íslenskum krónum. Heimilt er að greiða tjónabætur og skuldfæra eigin áættu inn á viðkomandi kortareikning.

### 35. gr. Réttur við andlát váttryggðs

Við andlát váttryggðs, sem leiðir til bótakröfu á hendur félginu, áskilur það sér rétt til að láta fara fram lík-skoðun á eigin kostnað.

### 36. gr. Háttsemi annarra einstaklinga en váttryggðs - Reglur um samsömun

Ákvæði sem kveða á um að réttur váttryggðs til bóta skerðist eða falli niður vegna athafna eða athafnaleysis váttryggðs, eiga einnig við um bótarétt váttryggðs úr innbústryggingu vegna samsvarandi háttsemi maka váttryggðs sem býr með honum og manns sem hinn váttryggði býr með í föstu varanlegu sambandi, sbr. b. liður 2. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004.

### 37. gr. Tvíttrygging

Ef hagsmunir þeir sem váttrygging þessi tekur til eru einnig váttryggðir með annarri váttryggingu getur váttryggður valið úr hvaða váttryggingu hann krefst bóta, þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til. Ef fleiri en eitt váttryggingafélag bera ábyrgð á tjóni skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu. Það félag, sem bætir tjónið, getur endurkrafið önnur félög hlutfallslega.

Ákvæði þetta á ekki við um ferðaslysáttryggingu.

### 38. gr. Endurkröfuréttur

Eigi váttryggður fébótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt váttryggðum bætur. Váttryggður skal í slíkum tilvikum gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja kröfuna þar til félagið getur sjálft gætt hagsmuna sinna.

### 39. gr. Brot á varúðarreglum

Varúðarreglur eru háttennisreglur sem settar eru í því skyni að koma í veg fyrir og takmarka tjón. Það er forsenda fyrir greiðslu bóta úr váttryggingunni að settum varúðarreglum sé ávallt fylgt.

Hafi váttryggður vanrækt að hlíta varúðarreglum eða öðrum fyrirráðum í váttryggingarsamningi má fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. og 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004.

### 40. gr. Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar

#### Upplýsingar um áhættuna

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og váttryggingarátburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 20. gr. eða 1. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 20. gr. eða 2. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

#### Upplýsingar við uppgjör bóta

Ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum váttryggingarsamningum vegna hins tiltekna váttryggingarátburðar sbr. 2. mgr. 47. gr. eða 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við váttryggðan með einnar viku fyrirvara, sbr. 47. gr. og 15. gr. eða 120. gr. og 76. gr. laga nr. 30/2004.

### 41. gr. Tilvísun til laga

Um þau atriði sem ekki er öðruvísi um samið skv. skilmálum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 30/2004 um váttryggingasamninga. Ákvæði skilmála þessara ganga framar frávikjanlegum lagaákvæðum.

### 42. gr. Ágreiningur

Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af. Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum [www.fme.is](http://www.fme.is) og [www.sjova.is](http://www.sjova.is), auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfshætti hennar. Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

---

**43. gr. Varnarþing**

Varnarþing félagsins er í Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

**Skilmálar þessir gilda frá 1. júlímaí 2015.**

## SOS INTERNATIONAL NEYÐARÞJÓNUSTA

Þjónusta SOS INTERNATIONAL vegna slyss eða sjúkdóms erlendis greiðist af Ferðatryggingu Kreditkorts korthafa hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf., að því tilskyldu að greiðsla ferðakostnaðar með Kreditkort korti hafi verið samkvæmt skilmálum. Innheimt er fyrir aðra þjónustu sem SOS INTERNATIONAL veitir á kostnaðarverði, en öll ráðgjöf er veitt ókeypis. Þegar leitað er upplýsinga eða aðstoðar SOS INTERNATIONAL er nauðsynlegt að gefa upp kortnúmer, nafn, kennitölu og heimilisfang korthafa og taka fram að hann sé tryggður af Kreditkortu.

Einnig má hafa samband við Neyðarþjónustu Kreditkorts (sími +354 533 1400) sem hefur þá milligöngu um samskipti við SOS.

### GILDISÁKVÆÐI

Hver sá sem hefur neyðarkort SOS ásamt gildu Íslandsbanka kreditkortu getur kallað á aðstoð SOS, hendi hann alvarlegt óhapp á ferðalagi utan Íslands. Neyðarkortið gildir í öllum álfum heims, en takmarkast við að ferð standi lengst í 90 daga samfleytt. Börn korthafa 22 ára og yngri, njóta einnig aðstoðar SOS þegar þau eru á ferðalagi. Gildistími neyðarkortsins er sá sami og Íslandsbanka kreditkortsins.

Nauðsynlegt er að hafa fullt samráð við SOS til að tryggja sem besta þjónustu í hvívetna.

## NÁNARI SKILGREINING Á AÐSTOÐ SOS

### Slysa- og sjúkraþjónusta

Reyndir starfsmenn annast eftirfarandi:

- að veita ráðgjöf og gefa upp nöfn, heimilisföng og símanúmer viðurkenndra lækna, læknastofa eða sjúkrahúsa og tannlækna um heim allan.
- að samband verði haft við sjúkrahús og ábyrgð sett fyrir kostnaði, ef þörf krefur.
- að ræða við lækna og starfsmenn sjúkrahúss á tungumáli viðkomandi lands.
- að leitað verði strax ráða lækna um möguleika á heimflutningi og besta ferðamáta í samræmi við ástand sjúklings.
- að ætíð þegar þess er þörf verði hjúkrunarfólk látið fylgja sjúklingi.
- að aðstoða við og skipuleggja heimferð ættingja hins sjúka eða slasaða.
- að skipuleggja og aðstoða við heimferð barna hins sjúka eða slasaða í öruggri fylgd fullorðins, sé þess þörf.
- starfsfólk SOS getur veitt þjónustu á yfir 30 tungumálum.

### Lögfræðiaðstoð

Lendi vát tryggður í slysi og þarfnist lögfræðiaðstoðar, aðstoðar SOS INTERNATIONAL við útvegum lögmanns.

### Bilun einkabifreiðar

SOS INTERNATIONAL aðstoðar vegna bilunar eða umferðaróhapps, sem gerir einkabifreið korthafa á ferðalagi í Evrópu, utan Íslands, óökufæra. Aðstoð er veitt við að koma bifreiðinni á verkstæði, útvega bílaleigubíl og/eða gistingu ef þörf krefur. Aðstoðin nær ekki til bílaleigubíla.

## SÍMAÞJÓNUSTA Í VIÐLÖGUM

Viðlaga- og neyðarþjónusta SOS INTERNATIONAL er veitt allan sólarhringinn árið um kring.

Sími í Danmörku +45 7010 5050  
Fax í Danmörku (45) 70 10 50 56

Netfang [sos@sos.dk](mailto:sos@sos.dk)  
Heimasíða [www.sos.dk](http://www.sos.dk)

### Önnur mikilvæg símanúmer:

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. +354-440-2000 („Collect“) fax: +354-440 2090

Netfang: [sjova@sjova.is](mailto:sjova@sjova.is)

Heimasíður: [www.sjova.is](http://www.sjova.is) og [www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is)

## BÍLALEIGUTRYGGING

Bílaleigutrygging felur í sér eftirfarandi váttryggingar:

KASKÓTRYGGINGU  
VIÐBÓTARÁBYRGÐARTRYGGINGU

## 1. KAFLI SKILGREININGAR

Eftirfarandi orð og orðasambönd hafa svofellda merkingu í skilmálum þessum:

„**Félagið**“ merkir Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

„**Korthafi**“ merkir þann sem er handhafi korts frá Kreditkorti.

„**Bílaeigubíll**“ merkir hvern þann bíl sem tekinn er á leigu samkvæmt samningi, til eins eða fleiri daga eða vikna, hjá bílaeigufyrirtæki eða umboði þess sem hefur öll tilskilin leyfi hlutaðeigandi yfirvalda í viðkomandi landi, fylki eða sveitarfélagi.

„**Váttryggður**“ merkir þann sem kröfu á um greiðslu bóta eða nýtur váttryggingarverndar ef til tjóns kemur. Þar er um að ræða korthafa, sem skráður er ökumaður bílaeigubílsins, svo og aðra skráða öikumenn bílaeigubílsins sem uppfylla að vera einhverjir af eftirtöldum aðilum: maki hans, sambýlismaki, börn, foreldrar, tengdforeldrar, systkini, viðskiptavinur eða samstarfsfélagi.

„**Líkamstjón**“ merkir líkamsmeiðsl, veikindi eða sjúkdóm, þ.m.t. andlát sem orsakast af þessum sökum.

„**Skemmdir á eignum**“ merkir efnislegar skemmdir eða eyðileggingu á áþreifanlegum eignum sem eiga sér stað á váttryggingartímabilinu, þ.m.t. afnotamissi á eignum.

„**Viðbótarábyrgðartrygging**“ merkir váttryggingu þessa og tekur við þegar skaðabótakröfur sem falla kunna á váttryggðan hafa farið umfram váttryggingarfjárhæðir og eigin áhættur lögbundinnar ábyrgðartryggingar bílaeigubílsins og/eða annarrar viðlíkrar ábyrgðartryggingar sem bílaeigufyrirtækið eða korthafi hefur tekið/keypt.

„**Váttryggingarbætur**“ merkir fjárhæðir þær sem greiddar eru samkvæmt viðgerðarreikningum, við samninga um lyktir kröfu eða samkvæmt dómi.

„**Váttryggingartímabil**“ merkir tímabil það sem skráð er í bílaeigusamningi og tekur til þess tímabils sem váttryggður hefur bílaeigubílinn undir höndum. Fyrsti dagur leigutímabils verður að vera innan váttryggingartímabils til þess að váttrygging þessi gildi og gildir váttryggingin aldrei yfir leigutímabil sem varir lengur en 31 dag samfellt.

„**Bílaeigusamningur**“ merkir samning sem váttryggður gerir um leigu á bílaeigubíl til dags eða vikna hjá bílaeigufyrirtæki eða umboðsskrifstofu með tilskilin leyfi hlutaðeigandi yfirvalda.

„**Leigutímabil**“ merkir tímabilið sem bílaeigubíllinn er tekinn á leigu og váttryggður öðlast lögmætan tímabundinn yfirráðarétt yfir honum og fellur úr gildi á þeirri stundu sem bílaeigan tekur aftur við honum, hvort heldur á afgreiðslustað sínum eða annars staðar.

„**Dvalarland**“ merkir land þar sem váttryggður hefur: a) lögheimili, b) búsetu vegna náms eða starfs eða c) búið samfellt í a.m.k. 180 daga.

## 2. KAFLI KASKÓTRYGGING BÍLALEIGUBÍLS

## 1. gr. Gildisákvæði

- Hafi korthafi gefið kortnúmerið upp sem greiðslu fyrir leigugjald bílaeigubíls með framangreindu kreditkorti sínu mun félagið bæta hinum váttryggðu, sem nafngreindir eru í bílaeigusamningi, það tjón sem verða kann á bílaeigubílnum og þeir eru ábyrgir fyrir samkvæmt ákvæðum bílaeigusamningsins. Váttryggingin samkvæmt þessum hluta skilmálanna er veitt vegna leigu á EINUM BÍLALEIGUBÍL Í HVERJU EINSTÖKU TILVIKI.
- Váttryggingin tekur eingöngu til bílaeigubíla sem eru í eigu bílaeigufyrirtækis með tilskilin leyfi.
- Ef keypt er váttrygging af bílaeigunni greiðir félagið mismun á eigin áhættu í þeirri váttryggingu og þessari váttryggingu, ef hún er lægri.
- Váttryggingarákvæði samkvæmt skilmálum þessum eru hvorki víðtækari né þrengri en gilt hefði um „Loss Damage Waiver“-tryggingu (kaskótryggingu) eða aðra sambærilega váttryggingu sem í boði var hjá þeirri bílaeigu sem viðkomandi bílaeigubíll tilheyrir.
- Váttryggðir eru öikumenn bílaeigubílsins sem eru korthafi svo og öikumenn sem tengjast korthafa: maki, sambýlismaki, börn, foreldrar, tengdforeldrar, systkini, viðskiptavinur og samstarfsmaður. Skulu váttryggðir öikumenn skráðir í BÍLALEIGUSAMNINGI OG SKAL SÁ ÞEIRRA SEM FYRSTUR ER TILGREINDUR VERA KORTHAFI. Allir váttryggðir öikumenn skulu hafa gild ökuskírteini og vera á aldrinum 21 til 74 ára.

f. Vátrygging þessi gildir ekki á Íslandi, Rússlandi og fyrrum lýðveldum Sovétríkjanna og Afríku (S-Afrika undanskilin) og ekki innan dvalarlands korthafans.

### 2. gr. Vátryggingarfjárhæð og eigin áhætta

Félagið greiðir bætur allt að 50.000 USD (eða jafngildi þess í gjaldmiðli viðkomandi lands) að frádreginni eigin áhættu, 200 USD.

### 3. gr. Tjónsorsakir sem vátryggingin nær til

Bætur greiðast vegna skemmda á ökutækinu sjálfu og eðlilegum aukahlutum þess af völdum eldingar, eldsvoða, sprengingar, árekstrar, áaksturs, veltu og útafaksturs.

Bætur greiðast vegna þjófnaðar og skemmdarverka á ökutækinu.

### 4. gr. Gildistími vátryggingarinnar

Vátryggingin gildir frá og með þeirri stundu er vátryggður öðlast lögmætan tímabundinn yfirráðarétt yfir bílaleigubíl og fellur úr gildi á þeirri stundu er bílaleigan tekur aftur við honum, hvort heldur á afgreiðslustað sínum eða annars staðar. Vátryggingin gildir þó einungis yfir leigu í 31 dag eða skemur.

### 5. gr. Tilkynning um tjón – Ráðstafanir vegna tjóns

Verði tjón skal vátryggður tilkynna það til félagsins eins fljótt og því verður við komið, eftir nánari fyrirmælum frá félaginu eða útgefanda korts. Er tjón hefur orðið eða bein hætta er á því að það muni bera að höndum ber vátryggðum að reyna að afstýra tjóni eða draga úr því. Einnig ber vátryggðum að gera ráðstafanir til að tryggja endurgreiðslu félagsins ef hann á rétt til bóta frá þriðja aðila. Vátryggður skal gefa félaginu kost á að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað. Vanræksla á þessum skyldum vátryggðs getur valdið skerðingu eða missi vátryggingarverndar eftir lögum um vátryggingarsamninga.

### 6. gr. Ákvörðun bótaskyldu

Engum er heimilt að viðurkenna bótaskyldu fyrir hönd félagsins nema að fengnu skriflegu samþykki þess né veita fyrirheit um nokkrar skuldbindingar af þess hálfu. Félagið skal hafa óskorðaðan rétt til að reka mál, stýra og semja um lyktir mála sem rísa kunna vegna eða í tengslum við kröfur á hendur vátryggðu.

### 7. gr. Framsal réttar – Endurkröfuréttur

Vátryggingartaki má ekki án samþykkis félagsins framselja eða veðsetja réttindi sín samkvæmt vátryggingarsamningnum. Bæti félagið tjón, sem þriðji maður ber skaðabótaábyrgð á, öðlast það rétt vátryggðs gagnvart honum að því marki sem bótunum nemur.

Um allar kröfur sem reistar eru á vátryggingu þessari skal fara að íslenskum lögum og skulu íslenskir dómstólar einir hafa lögsögu um hvers konar ágreining er rísa kann á grundvelli vátryggingar þessarar.

### 8. gr. Undanskilin áhætta

Vátrygging greiðir ekki tjón á bílaleigubílum sem ekki hafði verið leigðir af korthafa.

#### Vátryggður veldur vátryggingaratburði:

- Ásetningur: Hafi vátryggður af ásetningi valdið því að vátryggingaratburður varð ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004.
- Stórkostlegt gáleysi: Hafi vátryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004. Við mat á því hvort háttsemi telst fela í sér stórkostlegt gáleysi er meðal annars litið til þess hvort vátryggður taldist ekki geta stjórnað ökutæki örugglega eða var óhæfur til þess samkvæmt ákvæðum umferðarlaga vegna undanfarandi neyslu áfengis, fíkniefna, örvandi eða deyfandi lyfja.

#### Brot á varúðarreglum:

- Varúðarreglur eru háttarnisreglur sem settar eru í því skyni að koma í veg fyrir og takmarka tjón. Það er forsenda fyrir því að veita vátrygginguna að settum varúðarreglum sé ávallt fylgt.
- Hafi vátryggður vanrækt að hlíta varúðarreglum eða öðrum fyrirmælum í vátryggingarsamningi má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 26. gr. laga nr. 30/2004.



- c. Varúðarregla um ökuréttindi: Vátryggðum og þeim sem með samþykki vátryggðs er ábyrgur fyrir hinu vátryggða ökutæki ber að gæta þess að hafa gild ökuréttindi við akstur ökutækisins.
- d. Bílaleigubíll skal halda vel við. Félagið bætir ekki tjón verður sem rekja má til eðlilegs slits eða ófullnægjandi viðhalds bílaleigubílsins;

**Háttsemi annarra einstaklinga en vátryggðs:**

Ákvæði sem kveða á um að réttur til bóta skerðist eða falli niður vegna athafna eða athafnaleysis vátryggðs, eiga einnig við um bótarétt vegna háttsemi einhvers þeirra aðila sbr. gr. 1.2 í skilmálum þessum, sem með samþykki eiganda ökutækisins er ábyrgur fyrir hinu vátryggða ökutæki.

**Félagið greiðir ekki bætur þegar:**

- a. Vátryggður hefur ekki öðlast réttindi til að aka ökutæki því er um ræðir eða hefur misst réttindi til að aka því;
- b. Tjón verður vegna kappaksturs, aksturskeppni, reynsluaksturs eða æfingar fyrir slíkan akstur;
- c. Um er að ræða akstur þar sem bannað er að aka ökutækinu, akstur annars staðar en á vegum landsins, svo sem á túnum, engjum, á snjósköflum, á ís, yfir óbrúaðar ár eða læki, um fjörur, forarvöð, vegatroðninga og/eða aðrar vegleysur. Þó bætast skemmdir er verða þegar ökumaður hefur neyðst til að fara út af akbraut, t.d. vegna viðgerðar á vegi;
- d. Um er að ræða notkun ökutækisins sem brýtur í bága við skilmála bílaleigusamnings og ákvæði vátryggingaskilmála;
- e. Um er að ræða skemmdir er verða vegna efnisgalla, hönnunargalla, smíðisgalla, viðgerðargalla eða bilunar ökutækisins, þó bætast skemmdir sem hljótast af þessum orsökum á öðrum hlutum ökutækisins ef um áakstur, árekstur, veltu eða útafakstur er að ræða;
- f. Tjón verður af völdum stríðs (hvort sem stríði hefur verið lýst yfir eða ekki), borgarastyrjaldar, óeirða, uppþota, upptöku eignar eða þjóðnýtingar, valdboðskrófu, eyðileggingar eða skemmda á bílaleigubílum af hálfu eða að skipun hvaða ríkisstjórnar eða yfirvalda sem er á landsvísi eða í héraði, verkfallsaðgerðum eða annarra sambærilegra atburða;
- g. Um er að ræða hvers kyns skemmdir af völdum kjarnorku, jónandi geislunar og geislavirkra efna;
- h. Tjón verður af völdum skordýra eða meindýra;
- i. Um er að ræða kröfur eða atvik sem kunna að leiða til kröfugerðar, sem ekki er skriflega tilkynnt eða félaginu innan eins árs;
- j. Um er að ræða tjón af völdum hvers kyns sviksamlegs, óheiðarlegs eða saknæms verknaðar sem framinn er af vátryggðum eða sem hann er viðriðinn;
- k. Um er að ræða kostnað sem stofnað er til, hafnað er greiðslu á eða greiddur er af bílaleigunni eða vátryggingendum hennar;
- l. Um er að ræða kröfu vegna verksmiðjugalla og/eða framleiðsluskemmda;
- m. Tjón hlýst af akstri aðila sem ekki eru nafngreindir í bílaleigusamningi og uppfylla önnur skilyrði sem vátryggðir.

**9. gr. Ökutæki sem ekki falla undir vátryggingu þessa**

Vátryggingin tekur ekki til leigu á sérstaklega hraðskreiðum ökutækjum, þ.e.a.s. Aston Martin, Ferrari, Porsche, McLaren, Lamborghini og annarra slíkra, auk ökutækja sem eru meira en 20 ára gömul eða sem ekki hafa verið framleidd í 10 ár eða lengur. Það er leigutaka að athuga (áður en ökutæki er tekið á leigu) hjá félaginu að ökutækið falli undir vátryggingu þessa.

Þá tekur vátryggingin ekki til leigu vissra farar- og ökutækja, þ.e.a.s. vörubíla, dráttarvéla, hvers konar vinnuvéla, tengivagna og hjólhýsa, bifhjóla, reiðhjóla með hjálparvél, léttra bifhjóla, torfærubíla til aksturs utan vega, tómsundafarartækja, húsbíla þyngri en 7,5 tonn, sendiferðabifreiða og ökutækja með fleiri en 9 sætum.

**3. KAFLI VIÐBÓTARÁBYRGÐARTRYGGING BÍLALEIGUBÍLS****10. gr. Gildisákvæði**

- a. Hafi korthafi gefið kortnúmerið upp til greiðslu fyrir leigugjald bílaleigubíls með framangreindu kreditkorti sínu mun félagið bæta sérhverja þá skaðabótakröfu sem vátryggðir sem nafngreindir eru í bílaleigusamningi, kunna að verða ábyrgir fyrir gagnvart þriðja aðila, sem ökumenn bílaleigubílsins á leigutímanum. Vátrygging þessi tekur við þegar skaðabótakröfur sem falla kunna á vátryggðan hafa farið

umfram váttryggingarfjárhæðir og eigin áhættur lögbundinnar ábyrgðartryggingar bílaleigubílsins og/eða annarrar viðlíka ábyrgðartryggingar sem bílaleigufyrirtækið eða korthafi hefur tekið/keypt. Ákvæði váttryggingarinnar er undir engum kringumstæðum víðtækari en þær váttryggingar sem eru innifaldar í bílaleigusamningnum.

- b. Váttryggðir eru ökumenn bílaleigubílsins sem eru korthafi svo og ökumenn sem tengjast korthafa: maki, sambýlismaki, börn, foreldrar, tengdforeldrar, systkini, viðskiptavinur og samstarfsmaður. Skulu váttryggðir ökumenn skráðir í BÍLALEIGUSAMNINGI OG SKAL SÁ ÞEIRRA SEM FYRSTUR ER TILGREINDUR VERA KORTHAFI. Allir váttryggðir ökumenn skulu hafa gild ökuskírteini og vera á aldrinum 21 til 74 ára.
- c. Váttrygging þessi gildir ekki á Íslandi, Rússlandi og fyrrum lýðveldum Sovétríkjanna og Afríku (S-Afríka undanskilin) og ekki innan dvalarlands korthafans.

### 11. gr. Váttryggingarfjárhæð

Félagið greiðir allt að 1.000.000 USD í umframskaðabætur á váttryggingartímabilinu.

### 12. gr. Váttryggingarsvið

Váttryggingin er viðbótarábyrgðartrygging og tekur til sömu váttryggingarverndar og hin lögbundna ábyrgðartrygging bílaleigubílsins nær til eða önnur viðlíka ábyrgðartrygging sem bílaleigufyrirtækið eða korthafi hefur tekið/keypt.

Það er skilyrði fyrir bótum úr váttryggingunni að váttryggjendur lögbundinnar ábyrgðartryggingar bílaleigubílsins eða aðrir váttryggjendur sem annast viðlíka ábyrgðartryggingu fyrir bílaleigufyrirtækið hafi viðurkennt bótaskyldu eða hafi verið taldir skuldbundnir til að greiða skaðbótakröfu sem fram er komin. Váttrygging þessi tekur þá við þegar hin lögbundna ábyrgðartrygging eða önnur viðlíka ábyrgðartrygging getur ekki að fullu greitt skaðabótakröfuna vegna þess að váttryggingarfjárhæðin er að fullu greidd og greiðir þá váttrygging þessi þann mismun allt að því hámarki sem getið er í 2. gr. hér að framan.

Váttryggingin tekur sérstaklega til hvers váttryggðs einstaklings sem krafa er gerð á eða lögsókn hafin gegn, þó með þeirri undantekningu að fleiri en einn váttryggður einstaklingur eigi í hlut skuli ekki stuðla að hækkun váttryggingarfjárhæðar sem tilgreind er í 2. gr. hér að framan.

### 13. gr. Gildistími váttryggingarinnar

Váttryggingin gildir frá og með þeirri stundu er váttryggður öðlast lögmætan tímabundinn yfirráðarétt yfir bílaleigubíl og fellur úr gildi á þeirri stundu er bílaleigan tekur aftur við honum, hvort heldur á afgreiðslustað sínum eða annars staðar. Váttryggingin gildir þó einungis yfir leigu í 31 dag eða skemur

### 14. gr. Kostnaður, gjöld og útgjöld

Þegar váttryggður hefur rétt á vernd úr annarri váttryggingu, t.d. lögbundinni ábyrgðartryggingu bílaleigubílsins eða annarri viðlíka váttryggingu, áskilur félagið sér rétt, þó án þess að verða skuldbundið til slíks, að eiga aðild að málsvörn og stjórn hvers kyns kröfu eða lögsókn sem eðlilega má vænta að félagið eigi hlut að samkvæmt ákvæðum váttryggingarskilmálanna.

Öll útgjöld vegna rannsóknar og málsvarnar í kröfumálum sem váttrygging þessi tekur til, þ.m.t. réttarkostnaður, tryggingar settar vegna áfrýjunar, vextir áður og eftir að dómur er kveðinn upp, skulu ekki falla undir bótamörk váttryggingarinnar.

### 15. gr. Undanskilin áhætta

Til viðbótar þeim undanskildu áhættum sem bílaleigusamningur hefur að geyma, tekur váttrygging þessi ekki til:

- a. Bótaskyldu sem váttryggða er gert að axla samkvæmt lögum um ótryggða ökumenn, vantryggða ökumenn, eða lögum er varða tjón án sakar bílstjóra og lögum um slys þeirra sem verða fyrir slíkum tjónum eða hvaða öðrum svipuðum lögum sem vera kann. Með því að gangast undir váttryggingu þessa samþykkir korthafi að hann komi fram fyrir sjálfs sín hönd og fyrir hönd allra annarra einstaklinga sem kynnu að vera meðváttryggðir samkvæmt váttryggingu þessari. Váttryggður hafnar því ennfremur, að því marki sem lög leyfa, að váttryggingin taki til nokkurrar váttryggingarverndar sem annars kynni að vera krafist að einhverjum slíkum lögum. Þessi undanskilda áhætta tekur þó ekki til skaðabóta, allt að 100.000 USD samtals, sem hinn váttryggði og meðváttryggðir eiga rétt á að innheimta samkvæmt ákvæðum váttryggingarinnar er tekur til ótryggðs eða vantryggðs ökumanns eða slyss þar sem slysvaldur hverfur af vettvangi.

- b. Líkams- eða eignatjóns þeirra sem váttryggðir eru samkvæmt váttryggingu þessari eða, að því marki er lög leyfa í ríki því sem bílaleigusamningurinn er undirritaður í, eða líkamstjóns eða eignatjóns nokkurs einstaklings sem tengist hinum váttryggðu blóðböndum, venslum eða með ættleiðingu og býr undir sama þaki.
- c. Skaðabótaúrskurðar í refsingarskygni eða öðrum til varnaðar.
- d. Neinna skuldbindinga sem váttryggður eða einhver annar váttryggjandi hans kann að vera gerður ábyrgur fyrir samkvæmt lögum um bætur til verkamanna, vegna atvinnusjúkdóms, atvinnuleysisbóta eða örorkubóta eða svipuðum lögum.
- e. Líkamstjóns eða eignatjóns sem er afleiðing dreifingar, sleppingar, skyndilegs leka eða seytls hverskonar olíu, jarðolíuefna eða afleiddra efna, fituefna, reyks, gufu, sóts, hvers kyns skaðlegs og eitraðs efnis, vökva og lofttegunda eða annarra ertingavalda eða mengunarvalda í eða á jarðvegi, andrúmslofti eða hvers kyns straumvatni eða stöðuvatni, eða votlendi, en takmarkast þó ekki við hættuleg efni í grunnvatni, jarðvegsgrunni eða nokkuð það sem þar er. Undanþága þessi á einnig við um hreinsunarkostnað sem stofnað er til og hvers kyns líkams- eða eignatjón sem hlýst af eða er í tengslum við hvaðeina er hér að ofan greinir. Ákvæði þetta tekur þó ekki til þess er hér segir:
  - a. sé geymi eða annarri slíkri geymslu er inniheldur mengunarvalda velt, hvolt eða hún skemmd vegna notkunar hins váttryggða bílaleigubíls; eða
  - b. valdi slík velta eða skemmdir á bifreiðinni losun, dreifingu, sleppingu eða skyndilegum leka mengunarvalda.
- f. Bótaskyldu váttryggðs sem beint eða óbeint rís af, á sér stað vegna eða er afleiðing styrjaldar, innrásar, athafna erlendra óvina, hernaðarátaka (hvort sem stríði hefur verið lýst yfir eða ekki), borgarastyrjaldar, uppreisnar, byltingar, uppþots, valdatöku hers eða annarra aðila, upptöku eignar eða þjóðnýtingar, valdboðskrófu, eyðileggingar eða skemmda á eign af hálfu eða að skipun hvaða ríkisstjórnar eða yfirvalda sem er á landsvísu eða í héraði.
- g. Líkams- eða eignatjóns vegna flutninga, geymslu, meðhöndlunar, dreifingar, sölu eða ráðstöfun asbestefna, varnings eða vara sem innihalda asbestefni.
- h. Líkams- eða eignatjón vegna framleiðslu, meðhöndlunar, dreifingar, sölu, beitingar, neyslu eða notkunar einhverra vara sem vitað er að innihalda fjöklórað bifeníl eða sem innihalda afleidd fjöklóruð bifényl efnis eða sem í efnaíðnaði er almennt vitað að byggi á líkri formúlu eða virkni, án tillits til þess undir hvaða nafni vörurnar eru framleiddar, seldar eða þeim dreift.
- i. Líkams- eða eignatjóns sem orsakast af hættulegum eiginleikum efna eða kjarnaefna sem:
  - a. einhverjum einstaklingi eða stofnun er skylt að hafa fjárhagslega váttryggingu yfir samkvæmt lögum um kjarnorku frá 1954 (USA) eða hvers kyns lagabreytingum á þeim; eða
  - b. váttryggði á eða myndi eiga, hefði váttrygging þessi ekki verið gefin út, rétt á skaðabótum frá Bandaríkjunum Norður-Ameríku eða einhverri stofnun á vegum þeirra samkvæmt samningi sem gerður hefur verið af Bandaríkjunum eða einhverri ríkisstofnun þeirra við einvern einstakling eða stofnun.
- j. Félagið veitir ekki váttryggingarvernd neinum váttryggðum aðila sem sett hefur fram sviksamlegar fullyrðingar eða sýnt sviksamlegt hátterni í tengslum við hvers konar óhapp eða tjón.
- k. Félagið veitir ekki váttryggingarvernd neinum váttryggðum sem veldur vísvitandi líkamstjóni eða eignatjóni.
- l. Váttryggingarvernd er aðeins veitt vegna leigu á EINU ÖKUTÆKI Í HVERJU EINSTÖKU TILVIKI, sem kann að vera ekið og rekið af einhverjum þeirra sem til greina koma sem váttryggðir aðilar SVO SEM FRAM KEMUR Í BÍLLEIGUSAMNINGI, OG SKAL SÁ ÞEIRRA SEM FYRSTUR ER TILGREINDUR SEM ÖKUMAÐUR VERA KORTHAFI.
- m. Váttryggingin tekur gildi frá og með þeirri stundu er váttryggður öðlast lögmætan tímabundinn yfirráðarétt yfir bílaleigubílnum og fellur úr gildi á þeirri stundu er bílaleigufyrirtækið tekur aftur við honum, hvort heldur í afgreiðslustað sínum eða annars staðar. Bótaskylda samkvæmt ákvæðum váttryggingar þessarar er takmörkuð við bótaskyldu sem váttryggður hefði verið verndaður fyrir hefði hann tekið viðbótarábyrgðartryggingu, (LIS) eða aðra viðlíka váttryggingu hjá bílaleigunni.
- n. Ábyrgðartjóns ef engin önnur ábyrgðartrygging er í gildi fyrir ökutækið

### 16. gr. Skilyrði

- a. Samþykki hins tryggða:  
Með því að samþykja viðbótarábyrgðartryggingu (LIS) í bílaleigusamningi, afsalar váttryggður sér og fyrir hönd annarra váttryggða rétti sínum um váttryggingarvernd úr váttryggingu þessari.

- b. Kröfur á hendur félaginu:  
Krafa á hendur félaginu telst ekki réttmæt nema að váttryggði hafi fyllilega hlítt öllum skilmálum váttryggingarinnar. Bætur greiðast því aðeins að þær hafi verið ákvarðaðar með dómi eða með skriflegu samþykki váttryggða, kröfuhafa og félagsins. Hámarksbætur takmarkast við váttryggingarfjárhæð váttryggingarinnar. Skyldu félagsins til að ná sáttum eða halda uppi vörnum lýkur þegar váttryggingarfjárhæðin hefur verið greidd að fullu. Félaginu ber engin skylda til að halda uppi vörnum í nokkru máli eða ná sáttum um nokkra kröfu vegna líkamstjóns eða eignatjóns sem váttryggingin tekur ekki til. Enginn einstaklingur eða stofnun á neinn rétt samkvæmt váttryggingu þessari til að tengja félagið neinni beinni málshöfðun á hendur hinum váttryggða til að ákvarða skaðabótaskyldu hans né getur hinn váttryggði eða löglegur fulltrúi hans tengt félagið slíkum málaferlum. Hafi váttryggði eða bú váttryggða orðið gjaldþrota eða ógjaldfært breytir það í engu skuldbindingum félagsins samkvæmt váttryggingu þessari.
- c. Áfrýjanir:  
Í því tilviki að váttryggði kjósi að áfrýja ekki dómsúrskurði þar sem kröfufjárhæð fer umfram váttryggingarfjárhæð lögbundinnar ábyrgðartryggingar bílaleigubílsins eða annarrar viðlíkrar váttryggingar, kann félagið að gera slíkt á eigin kostnað og skal þá bera skattskyldan kostnað, útlagðan kostnað og vexti sem á kunna að falla en þó skal bótaskylda félagsins í engu tilviki vera umfram þá upphæð sem tilgreind er í váttryggingu þessari fyrir neitt eitt tilvik auk skattskylds kostnaðar, útlagðs kostnaðar og vaxta er á kunna að falla við slíka áfrýjun.
- d. Framsal:  
Framsal hagsmuna samkvæmt váttryggingu þessari bindur ekki félagið nema samþykki þess sé ritað á það.
- e. Aðstoð og samvinna váttryggða:  
Váttryggða ber að hafa samvinnu við félagið um rannsókn, uppgjör kröfu eða málsvörn hvers kyns kröfu eða lögsóknar.
- f. Gjaldþrot eða ógjaldfærni:  
Ógjaldfærni eða fjárhagsleg vanhæfni váttryggðs hækkar hvorki þær fjárhæðir sem félagið hefði að öðrum kosti þurft að greiða, né kemur váttrygging þessi til viðbótar við neina skerta bótafjárhæð sem bjóðast kann vegna ógjaldfærni eða fjárhagslegrar vanhæfni váttryggðs.
- g. Breytingar:  
Tilkynning til eða vitneskja einhvers umboðsmanns eða einhvers annars einstaklings hefur hvorki áhrif á afsal eða breytingu neins hluta þessarar váttryggingar, né kemur slíkt í veg fyrir að félagið fái nýtt réttindi samkvæmt váttryggingunni, né skal vera unnt að afsala sér skilmálum váttryggingarinnar eða breyta þeim nema með áritun sem mynda skal hluta þessarar váttryggingar og vera undirrituð af til þess bærum fulltrúa félagsins.
- h. Tjónstilkynning:  
Þegar atvik verður sem veldur líkamstjóni eða skemmdum á eignum og eðlilega mætti ætla að það yrði tilefni kröfugerðar samkvæmt váttryggingu þessari, skal váttryggður tilkynna um atvikið skriflega til félagsins tafarlaust, eins fljótt og því verður við komið. Slík tilkynning kemur til viðbótar hvaða öðrum skuldbindingum sem váttryggði kann að hafa samkvæmt lögbundinni ábyrgðartryggingu bílaleigubílsins eða annarri viðlíka váttryggingu sem tekin er af bílaleigunni. Slík tilkynning skal veita glöggar upplýsingar um hinn váttryggða og upplýsingar sem eðlilegt má telja að afla megi með hliðsjón af tíma, staðsetningu og aðstæðum við tjónsatburð. Váttryggði skal á sama hátt senda tilkynningu til félagsins um hvers kyns kröfu eða lögsókn sem honum kann að berast vegna slíks atburðar og afhenda öll skjöl og gögn þar að lútandi. Leyni váttryggður félaginu vísitandi upplýsingum er varðar slíka kröfu eða lögsókn eða afhendi hann ekki gögn er málið varðar getur slíkt framferði leitt til missis váttryggingarverndar samkvæmt váttryggingu þessari.
- i. Aðskilnaður hagsmuna:

Vátryggingin tekur sérstaklega til hvers vátryggðs einstaklings sem krafa er gerð á eða lögsókn hafin gegn, þó með þeirri undantekningu að þótt fleiri en einn vátryggður einstaklingur eigi í hlut skal það ekki stuðla að hækkun bótaskyldumarks félagsins samkvæmt 2. gr. vátryggingarinnar.

j. Kröfuhafaskipti:

Bæti félagið tjón samkvæmt vátryggingu þessari, skal félagið taka við öllum réttindum vátryggða til endurheimtu er tengjast slíkri greiðslu, gagnvart hvaða einstaklingi eða stofnun sem er, og skal vátryggði láta gera og afhenda löggerninga og skjöl og gera hvaðeina sem nauðsynlegt kann að vera til að tryggja slík réttindi. Hinn vátryggði skal ekki gera neitt það eftir að tjónsatvik verður er stofnað geti slíkum réttindum í hættu. Allar endurkröfur sem innheimtar eru eða tekið er við eftir uppgjör á tjóni samkvæmt vátryggingu þessari skulu nýttar eins og hefðu þær endurheimst eða við þeim verið tekið fyrir slíkt uppgjör tjóns og allar nauðsynlegar ráðstafanir þá gerðar milli vátryggða og félagsins.

#### 4. KAFLI ALMENNIR SKILMÁLAR

**17. gr. Gildisákvæði**

Um vátrygginguna gilda lög nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Ákvæði skilmála þessara ganga frammar frávikjanlegum lagaákvæðum.

**18. gr. Tjóns- og kröfutilkynning**

TILKYNNNA BER TIL FÉLAGSINS UM HVERS KONAR TJÓN ER VARÐA BÍLALEIGUBÍLINN EÐA NOTKUN HANS.

Vátryggður skal senda skriflega tilkynningu til félagsins um atburðinn eins fljótt og því verður við komið, eftir nánari fyrirmælum frá félaginu eða útgefanda korts. Í öllum tilvikum skal tilkynna um mögulega kröfu er falla kann vegna atburðar, sem bótaskyldur er samkvæmt ákvæðum II. og III. kafla vátryggingarinnar.

**19. gr. Frestur til að tilkynna um tjón - Fyrning**

**Vátryggður glatar rétti til bóta ef:**

1. Hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á.
2. Hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 51. gr. eða 124. gr. laga nr. 30/2004.

**20. gr. Heimili og varnarþing**

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Mál, sem rísa kunna vegna vátryggingarinnar, skal reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Verði ágreiningur um vátrygginguna, þ.m.t. þegar bótaskrafa snertir íslenska hagsmunum, skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum.

**Skilmálar þessir gilda frá 1. júlí 2015**